

Skipulagsstofnun  
Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 7. október 2019  
UST201909-167/B.S.  
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka í Engejarnámu Kollafirði. Umsögn**


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 13. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða aukna efnistöku úr námunni við Engey. Þarna hafa verið teknir um 200.000 m<sup>3</sup> af möl frá árinu 2009 að loknu mati á umhverfisáhrifum efnistökunnar, en það var þá talið nýtanlegt efni í námunni. Í þessu sambandi skal bent á umsögn Umhverfisstofnunar dags. 25. júlí 2008 sem fjallar m.a. um efnistöku í umræddri námu. Komið hefur í ljós að unnt er að taka mun meira af efni úr námunni og er því gert ráð fyrir að taka allt að 125.000 m<sup>3</sup> af efni til viðbótar.

Ekki er talið að frekari efnistaka muni auka hættu á strandrofi þar sem mesta breyting á ölduhæð er 2% sem er talið innan þeirra marka þegar rofs fer að gæta. Botndýralíf er talið fábreytt og tegundafjölbreytileiki lítill. Ekki er talið að efnistakan mui hafa áhrif á fiskveiðar, en veiðar hafa farið fram samhliða efnistöku á þessu svæði um áratuga skeið. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
teymisstjóri